



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 24. nóv. 2014 kl. 13:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

Jón Þór Þorvarðarson boðaði forföll vegna anna

1. Þuríðarstaðir. Vélageymsla og stækkun gamals fjárhúss.

Lagðir fram fullgerðir og áritaðir uppdrættir af vélageymslunni og fjárhúsinu. Vélageymslan. Byggingin er 5,1 m á breidd og 8 m á lengd. Hún er byggð á steiptum sökklí og með steyptri gólfplötu. Burðarvirki í veggjum og þaki er úr timbri og bárujárnsklætt að utan. Vélageymslan er að mestu frágengin að utan, hið innra er búið að einangra þak en veggir eru óeinangraðir enn sem komið er, en til stendur að einangra þá og klæða vegg og loft að innanverðu. Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að láta skrá fasteignina í Þjóðskrá Íslands.

Stækkun gamla fjárhússins. Eftir fund fór byggingarfulltrúi inní Þuríðarstaði til athugunar á framkvæmdastigi. Í ljós kom að framlagðir uppdrættir af fjárhúsinu eru ekki í samræmi við útlit byggingarinnar og málsetningar á uppdrætti eru ekki í samræmi við uppmælingu á húsinu á staðnum. Haft var samband við hönnuð og áttaði hann sig strax á mistökunum og mun senda leiðréttu uppdrætti ásamt nýrri skráningartöflu. Að nýjum gögnum fengnum mun byggingarfulltrúi koma fjárhúsinu í endurskráningu hjá Þjóðskrá.

2. Ákvæði í byggingarreglugerð um framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi og ákvæði um stöðuleyfi.

Farið var yfir ákvæði í byggingarreglugerð um minniháttar framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi. Í stórum dráttum eru þær: Viðhald húsa að undanskildum breytingum á burðar- og eldvarnarveggjum og tilfærsla á votrymum þ.e. eldhúsum, þvottahúsum og baðherbergjum, sem eru leyfisskyldar. Utanhúss ber að sækja um byggingarleyfi þegar útliti húsa er breytt eða þegar endurbyggja þarf burðarvirki að hluta eða öllu leyti. Einnig var fjallað um framkvæmdir á lóðum, skjólveggi og girðingar og smáhýsi á lóð til geymslu garðáhalda o.þ.h. Flararmál smáhýsa sé að hámarki 10 m². Smáhýsi sé án allra vatnslagna, raflagna og hitunar. Ítarlegar var fjallað um fleiri þætti.

Farið var yfir ákvæði um stöðuleyfi gr. 2.6.1 í byggingarreglugerðinni, sem hefst á eftirfarandi orðum:

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

- a. Hjólhýsa á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.*
- b. Gáma. Báta, torgsöluhús í smíðum, sem ætlað er til flutnings og stór samkomutjöld.*

Síðasta málsgrein í gr. 2.6.1 er svohljóðandi:

Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánuða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

3. Handbók um stjórnkerfi byggingarfulltrúa.

Farið var yfir handbókina og helstu ákvæði sem snúa að verksviði og starfsemi byggingarfulltrúans í Fljótsdalshreppi. Tryggja skal að stjórnkerfið uppfylli kröfur ISO 17020 um starfsemi byggingarfulltrúa og það verði hæft til úttektar hjá Mannvirkjastofnun 1. janúar 2015. Tryggja skal að innleidd séu og unnið eftir öllum lögum, reglum og samþykktum sveitarfélagsins fyrir 15. júní 2015.

Byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti innleiðingu á stjórnkerfi byggingarfulltrúa í samræmi við ISO 17020 og vísar málinu til frekari umfjöllunar hjá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

4. Hús Hallgríms og Önnu Bryndísar á Skriðuklaustri. Verkstaða.

Að loknum fundi kannaði byggingarfulltrúi verkstöðu byggingarinnar m.t.t. væntanlegrar útgáfu vottorðs um byggingarstig. Hallgrímur reiknar með að flutt verði í húsið fyrir jól. Verið var að vinna við raflagnir, parketlagn í svefnherbergjum og uppsetningu á eldhúsinnréttingu. Hitakerfi hússins er komið í notkun, en það fær orku sína frá varmadælu sem aftur fær varmaorku sína úr næsta umhverfi hússins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14.

Fundaritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir